
WC	kr.	12.900,-
Handlaug	kr.	3.000,-
Baðkar	kr.	9.000,-
Sturtubotn	kr.	7.000,-
Allt á	kr.	31.900,-



Sérverslun með hreinlætistæki

BAÐSTOFAN

Ármúla 36 · Sími 31810



Toyota LandCruiser '88, dísil, sjálfsk., 32" dekk + krómfelg., ek. 50.000 km, v. 2.900.000, skipti ath.



MMC L 300 '88, 30" dekk + White spoke fylgir, annar dekkjagangur + felgur, ek. 56.000 km, v. 1.320.000, skipti ath.



M. Benz 280 SE '86, sjálfsk., álfelgur, 4 höfuðp., litað gler, ek. 111.000, v. 2.200.000, skipti ath.



BMW 316 '88, 5 gíra, rauður, toppl., 4 höfuðp., ek. 55.000 km, v. 1.100.000, skipti ath.



Honda Civic GT '88, hvítur, sjálfsk. (4 gíra), vökvast., ek. 27.000 km, v. 890.000, skipti ath.



M. Benz 230 E '84, grænn, sjálfsk., topplúga, álfelgur, ek. 115.000 km, v. 990.000, skipti ath.



MMC Golt '87–88, svartir, sóllúga, álfelgur, góðar græjur, v. 730–880.000, skipti ath,.



Toyota Corolla 16 v. GTi '88, svartur ek. 53.000 km, v. 950.000, skipti ath.



MMC Colt '87, grár, 5 gíra, 1500, ek. 48.000, v. 540.000.



Chevrolet Astro van '87, hvítur ek. 37.000 milur, innréttaður með stólum, v. 1.740.000, skipti ath.

Höfum kaupendur að Honda Accord '90, Civiv '89–'90, MMC Colt '89–'90, Cherokee og Pajero '88–'90. Mikil sala í ódýrari bílum.

672277

NÝJA BÍLAHÖLLIN

FUNAHÖFÐA 1- 112- Rvík.- FAX 673983

Vinnustofa myndlistarmanna í Straumi:

Stórir skúlptúrar búnir til í opinni vinnustofu


– fjórtán skúlptúrar uppistaðan

Um næstu helgi verður opnuð einhver allra mesta skúlptúrsýning sem sett hefur verið upp hér á landi. Sýning þessi, sem er í tengslum við Listahátíð í Hafnarfirði og verður fyrst fyrir augum almennings á Strandgötu, við Hafnarborg, á Thorsplani og við Fjarðargötu. Á höggmyndasýningu þessari verða fjórtán stór verk eftir innlenda og erlenda listamenn og eru öll unnin hér á landi. Listamennirnir, sem eiga verkin, eru jafnmargir og eru þar á meðal heimsfrægir listamenn sem koma frá öllum heimshornum og er talið að markaðsverð listaverkanna sé um það bil 250 milljónir króna.

Listaverkin munu þó aldrei koma til með að fara úr landi því að þau verða uppistaðan í nýjum höggmyndagarði í Hafnarfirði sem verður fyrir almenning. Garðurinn verður á útivistarsvæðinu í kringum Víðistaðakirkju. Erlendu listamennirnar hafa allir ákveðið að gefa Hafnarfjarðarbæ verk sín.

Hér á landi eru aðeins þrír höggmyndagarðar og eru þeir allir í tengslum við Listasöfn og í hverjum garði eru aðeins verk eftir einn listamann. Höggmyndagarðurinn í Hafnarfirði verður því frábrugðinn þeim að því leyti að þar verða nútímalistaverk og eftir marga listamenn.

Höggmyndagarðar eru mjög vinsælir erlendis og þeim er gjarnan komið fyrir í fögru landslagi og þar sem fólk getur notið útivistar. Höggmyndagarðurinn í Hafnarfirði er skipulagður af Jóhannesi Kjarval skipulagsstjóra Hafnarfjarðar í samvinnu við Sverri Ólafsson listamann.



Magnús Kjartansson myndlistarmaður vinnur hér við lokafrágang á verki sínu sem síðar meir mun prýða nýjan höggmyndagarð í Hafnarfirði. DV-mynd BG

Sverrir mun búa til verk þar sem allir gefendurnir rafsjóða nöfn sín á járnplötu á vígsludaginn.

Það var í byrjun maí sem fyrstu líkönin fóru að berast. Þá var hafist handa við að mæla verkin og gera vinnuteikningar og panta efni. Reiknað er með að 60 tonn af stáli þurfi samtals í öll verkin. Fimm járnsmiðir starfa í fullri vinnu við smíðina, auk þess sem margir sjálfboðaliðar eru til aðstoðar. Listamennirnir munu svo sjálfir ljúka við að mála þau eins og þeir kjósa. Vinna við myndverkin hefur farið fram fyrir opnum dyrum og hefur almenningi verið boðið að fylgjast með.

Listamennirnir hafa sjálfir haft yfirumsjón með smíði verka sinna, enda sum verkin flókin og erfið. Áætlað hefur verið að kostnaður við smíði hvers verks sé 500 þúsund krónur. Að sögn Hafsteins Ólafssonar járnsmiðs er þetta mjög skemmtilegt og jafnframt erfitt verkefni og ólíkt flestu sem járnsmiðir fást við að jafnaði.

-HK

Christo á Kjarvalsstöðum:


Storkar hefðbundnum hugmyndum um list

Vafðir stígagangar, líkamar eða brýr. Efni sem teygist yfir dalverpi eða flýtur umhverfis ellefu eyjar. Sólhlífar á stærð við tveggja hæða hús staðsettar í dölum Kaliforníu og Japan. Þetta er list Christo. Í stað þess að skapa ný „listaverk" notar hann það sem þegar er til, hvort sem það er hluti landsins eða hversdagslegur hlutur og gerir einfalda breytingu sem skapar eitthvað sem bæði er kunnuglegt og framandi fyrir okkur.

Þessa dagana er sýning á verkum Christo á Kjarvalsstöðum. Má þar sjá yfirlit yfir listsköpun hans frá 1985–1989. Verkin eru öll úr safni Torsten Lilja, sænsks milljónamærings sem sagður er eiga 150 verk eftir Christo.

Christo hefur í gegnum tíðina storkað hefðbundnum hugmyndum um listina. Menn hafa viljað setja spurningarmerki við þessi listaverk sem lifa oft aðeins skamman tíma og eru síðan varðveitt í skissum og ljósmyndum.

Sjálfsagt lýsir engin betur list Christo en hann sjálfur: „Það ætti í öllum tilvikum að líta á verk mín sem tímabundin listaverk. Hið tímabundna er einnig fagurfræðilegur eðliskostur, ekki bara vegna þess að verkin eru aðeins til í takmarkaðan tíma heldur einnig vegna þeirra viðkvæmu efniseiginleika sem mjög auðvelt er að spilla. Efnið og höfuðskepnurnar gefa verkefnunum þennan farandblæ hirðingjalífsins. Um leið eru verkefnin alltaf hönnuð til að varpa fram spurningum og efna



Josy Kraft heitir sá sem setti sýninguna á verkum Christo upp á Kjarvalsstöðum. Sést hann hér vera að ganga frá ljósmynd af einu risalistaverki Christo. DV-mynd BG

til umræðna um: Hvað er list? Er list eilíf? Er hægt að kaupa, safna, borga fyrir og stjórna list? Tjáning hvers verkefnis samsvarar sínum tiltekna tíma mjög náið. Verkefnin eru gerð með það í huga að vera einstök á þann hátt. Þau eru einstök. Ekki þannig að þau hrindi öðrum frá sér heldur á þann hátt að þau verða aðeins einu sinni til, líkt og æskan eða okkar eigið æviskeið, og er því aldrei hægt að endurtaka, flytja eða setja annað í staðinn. Og auðvitað er þetta flókið samband: Þetta eru ekki hlutir, heldur listaverk sem venjulega fá lánað ákveðið rými sem venjulega tilheyrir ekki höggmynd eða málverki. Þau fá lánað rými uppi í sveit, í borg eða úthverfum. Þetta rými er samofið listaverkinu. Hins vegar eiga undirbúningsteikningarnar sína sjálfstæðu tilveru sem listaverk."

Christo hefur alfarið staðið sjálfur straum af kostnaði við gerð hinna stóru list-verkefna sinna, hafnar að njóta stuðnings á nokkurn hátt. Með sölu á undirbúningsteikningum og skissum aflar hann fjármagns til verkefnanna.

Listasýning sett upp í Akraborg

Sigurður Sverrisson, DV, Akranesi:

Akraborgin kemur til með að verða vettvangur óvæntrar uppákomu síðar í þessum mánuði. Þann 29. júní nk. er áformað að opna þar í fyrsta sinn myndlistarsýningu með verkum a.m.k. 20 listamanna, allt frá Akranesi til Kína. Guðmundur Rúnar Lúðvíksson myndlistarmaður er einn helsti hvatamaðurinn að þessari uppákomu. Hann sagði í stuttu samtali við DV að sett yrðu upp í skipinu verk eftir listamenn víða að. Listamennirnir tóku sér far með Akraborginni fyrir stuttu til þess að kanna hvar hentugast væri að koma fyrir myndverkum.

Fyrstu verðlaun til Sjónvarpsins

Fréttamynd Sjónvarpsins, Útskúfað úr sæluríkinu, fékk fyrstu verðlaun í flokki heimildarmynda um hjálparstarf á kvikmyndhátíð· búlgarska Rauða krossins í Varna. Myndin Útskúfað úr sæluríkinu var gerð í Rúmeníu í febrúar og mars í fyrra og keppti hún við 38 myndir frá 16 löndum. Árni Snævarr fréttamaður gerði myndina ásamt Birnu Björnsdóttur upptökustjóra og Þóri Ægissyni kvikmyndatökumanni. Þau héldu utan þegar fréttir fóru að berast um þá eymd sem þreifst í Rúmeníu í stjórnartíð Ceausescus eftir fall ríkisstjórnar hans. Var myndin gerð í samvinnu við Rauða kross Íslands. Þess má geta að Útskúfað úr sæluríkinu var einnig valin meðal bestu mynda á sjónvarpsmyndahátíð í Póllandi í desember.

Tríótónleikar í Listasafni

Beth Levin píanóleikari, sem búsett er og starfar í New York, Richard Talkovsky, sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands, og Einar Jóhannesson, fyrsti klarínettuleikari í sömu hljómsveit, halda tónleika í Listasafni Sigurjóns á þriðjudagskvöld. Eru þetta sömu tónleikar og tríóið hélt á Ísafirði og Akureyri um helgina. Á efnisskránni eru verk eftir Beethoven, Glinka, Þorkel Sigurbjörnsson og Brahms. Tríóið var stofnað fyrr á þessu ári með tónleikahald á Íslandi og Spáni í huga. Í júlí munu þremenningarnir ferðast um Katalóníuhéruð Spánar og leika þar á tónlistarhátíðum. Á næsta ári eru áformaðar tónleikaferðir til Norður- og Suður-Ameríku. Beth Levin og Richard Talkowski eru útskrifuð frá Bandaríkjunum og hefur Levin getið sér mjög gott orð sem einleikari og fékk verðlaun í alþjóðlegu píanókeppninni í Leeds 1978. Talkowski hefur tekið þátt í mörgum tónlistarhátíðum og starfað m.a. á Spáni og Equador.

Söngferð um Norðurlönd

Þórh. Ásmundsson, DV, Sauðárkróki:

Tæplega eitt hundrað manna hópur söngmanna og maka úr karlakórnum Heimi leggur upp í vikunni í hálfsmánaðarsöngför um Norðurlönd. Í ferðinni, sem verður um Noreg, Danmörku og Svíþjóð, mun kórinn meðal annars syngja á hátíðarskemmtun Íslendingafélagsins í Danmörku 17. júní og halda söngskemmtanir í vinabæjum Sauðárkróks í löndunum þremur. Skipulagningu ferðarinnar um Danmörku og Svíþjóð hefur Matthías Viktorsson annast en Noreg Sven Arne Korshamn, fyrrverandi stjórnandi Heimis.